

**REGLUGERÐ**

fyrir

**Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl.****I. KAFLI.***Um stjórn fjallskilamála.***1. gr.**

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12, 31. maí 1927 hefir sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir annast alla stjórn og framkvæmd á þeim.

**2. gr.**

Hreppsnefndir geta, hver í sínum hreppi, gert nákvæmari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum. Þó má eigi þar með raska reglugerð þessari, og skulu hreppsnefndir gæta þess, að farið sé í öllu eftir ákvæðum hennar.

**II. KAFLI.***Um smölun og fjárgæzlu á vorum.***3. gr.**

Allir þeir, sem hafa jörð til ábúðar, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorum, eftir því, sem hreppsnefnd ákveður. Þar sem heimalönd eru viðáttumikil hálsa- og fjallalönd, er búast má við, að margir úr upprekstrarfélaginu eigi fjárvon í, mega hlutaðeigandi hreppsnefndir skipa fyrir um, að nágrannar og aðrir, sem þar eiga fjárvon, hjálpi til við smölunina, eftir því, sem hreppsnefndunum þykir sanngjarnt vera.

**4. gr.**

Hreppsnefnd hefir heimild til að skipa fyrir um smölun sauðfjár á vorum til rúnings þegar hentugt þykir. Ef þörf gerist má hún láta leitir fara fram á afréttum, og greiðist kostnaður við þær úr fjallskilasjóði upprekstrarfélagsins. Sama gildir þar sem tveir hreppar eru í upprekstrarfélagi, að því viðbættu, að þar hefir hvor hreppsnefndin sem er, rétt til að ákveða leit, náist samkomulag ekki milli hlutaðeigenda.

Komi fé utansveitarmanna fyrir í leitum þessum, skal hreppsnefnd eða

hreppsnefndum heimilt að ákveða gjald fyrir það fé, sem þó ekki má yfirstiga kr. 1,75 fyrir á með ómörkuðu lambi og kr. 0,75 fyrir aðrar ullarkindur. Hreppsnefnd skal annast um, að fé þetta sé rúið og lömb mörkuð, ef það er eigi hirt af eigendum að afstöðnum leitum. Skulu eigendur greiða kostnað þann, er af því leiðir, og er heimilt að selja ullina til lúkningar kostnaðinum, sé hann ekki fáanlegur á annan hátt. — Gjald fyrir rúning á kind má vera allt að kr. 0,35 og kr. 0,50 fyrir að marka lamb.

#### 5. gr.

Það sauðfé, sem sloppið hefir úr löndum eigenda, eða kemur fyrir fjærri eigendum, þegar rúning er afstaðin, er finnandi skyldur að hirða, ef honum er það auðið, skal hann rýja það, og marka ómörkuð lömb. Gerir hann svo eigenda full skil fyrir ullinni, og grein fyrir marki, kyni og öðrum einkennum á hverri kind, sem hann rýr eða markar, en fyrir ómak sitt ber finnanda börgun, sem eigi má yfirstíga kr. 0,75 fyrir að rýja hverja kind, en kr. 1,00 fyrir að marka lamb.

### III. KAFLI.

#### *Um rekstur til afrétta.*

#### 6. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að stóðhross, dilkar og geldfé, þegar það er komið úr ullu, sé rekið til afréttar svo tímanlega að vorinu, sem árferði og önnur atvik leyfa. Reka skal á miðjan afrétt, nema hreppsnefnd hafi öðruvísi ákveðið. Séu viðlend heimalönd notuð til upprekstrar, skal reka þangað, sem búsmali sízt gengur, og með leyfi landeiganda.

Með samþykki sýslunefndar geta hreppsnefndir sett ítarlegri reglur um, hvernig haga skal rekstrum á afréttarlöndin.

#### 7. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að ákveða, að sauðfé og hross sé rekið á afrétt, frá fleirum en einum bæ í samlögum, er nefndin þá flokkar niður, og skal hún þá jafnan fela einum af rekstrarmönnum hvers flokks, að hafa umsjón og ábyrgð á því, að hið rekna fé og hross sé rekið samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar og fyrirmælum hreppsnefndar. Reka skal þannig gegnum heimlönd manna, að sem minnstur bagi verði að. Skal gæta þess sérstaklega, að hross, sem ekki eru rekstrarskyld, fari ekki með rekstrum þessum.

#### 8. gr.

Hver sem heimildarlaust rekur fénað sinn, sem á afrétt á að fara, í annars land til beitar um sumar, hvort heldur það er heimaland, fjallland

**80** eða afréttarlínd, greiði skaðabætur til landráðanda eftir mati hreppsnefndar í þeim hreppi, er landráðandi á heima í. Mati þessu má skjóta til hlutaðeigandi sýslunefndar.

9. gr.

Enginn má hafa stóðhross, geldfé eða dilkær í heimahögum að sumrinu, nema hreppsnefnd og nágrannar leyfi, en neiti nágranni um leyfið, skal eigandi ábyrgjast, að fénaðurinn geri honum engann skaða.

10. gr.

Verði einhver fyrir ágangi búfjár að sumrinu, sem er í óskilum í heimahögum, eða af afrétt gengur, er honum heimilt að gera umkvörtun um það til viðkomandi oddvita, sem þá skipar fyrir um það, að fénaður þessi sé rekinn til afréttar á kostnað upprekstrarfélagsins. Hafi oddviti eigi annast reksturinn á umræddum peningi innan eins sólarhrings frá því honum var tilkynnt um áganginn, hefir sá, er fyrir ágangi verður, heimild til að reka fénaðinn til afréttar, og greiðist sá kostnaður einnig úr fjallskilasjóði eftir reikningi; en verði ágreiningur milli aðila um rekstrargjald þetta sker sýslunefnd úr ágreiningi.

Ef hreppsnefnd er kunnugt um, að fénaður þessi hefir ekki verið rekinn til afréttar, eða svo illa að áteljandi sé, getur hún krafizt endurgreiðslu af eigendum fénaðarins í réttu hlutfalli við kostnað hvers rekstrar.

11. gr.

Eigi má ónáða fénað á afréttum, og eigi heldur nema með leyfi hreppsnefndar taka þaðan fé eða hross, nema málnytupeningur sé eða tamin hross.

IV. KAFLI.

*Um fjallskil.*

12. gr.

Hreppstjóri skal áður en 12 vikur eru af sumri, senda viðkomandi hreppsnefnd sundurliðaða skýrslu, um tölu sauðfjár og hrossa-í hreppnum til gangnaskila.

13. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi og hver, sem á hross á afrétt, hvort heldur er búandi eða búlaus. Skal hver leggja til fjallskila á þann hátt, er hreppsnefnd ákveður. Hreppsnefnd skal meta allan fjallskilakostnað upprekstrarfélagsins til peningaverðs, og jafna honum niður á alla upprekstrar-skylda sauðfjár- og hrossaeigendur upprekstrarfélagsins. Skal þá jafnt auratal lagt á hvert hross, sem á 4 kindur, þó er hreppsnefndum Kirkjuhvamms-hrepps, Þverárhrepps og Þorkelshólshrepps heimilt að leggja lægra fjallskila-

gjald á stóðhross. Af öllum framtöldum ám, skulu hverjar 2 þeirra metnar jafnt til gangnaskila, sem 3 kindur aðrar.

80  
4. sept.

Skyldur er hver húsbóndi að inna fjallskil af hendi fyrir hjú sín og aðra heimamenn, gegn endurgjaldi frá fénaðareigendum.

#### 14. gr.

Skyldur er hver maður, að gera fjallskil á þeirri afrétt, og á þau lönd, sem liggja til leitar að lögrétt eða aukaréttum þeim, sem liggja í því upprekstrarfélagi, sem fjáreigandi á heimili í. Nú notar einhver til upprekstrar aðra afrétt eða heimaland, en þar, sem honum ber upprekstur, skal hann þá gera þar fjallskil tiltölulega að hálfu móts við fjallskil annara í því upprekstrarfélagi. Auk þess skal hann eftir sömu reglu vera fjallskilaskyldur í því upprekstrarfélagi, þar sem hann er búsettur.

Ef eitthvert upprekstrarfélag eða einstakur maður á og notar afréttarland, sem öðru upprekstrarfélagi ber að leita, samkvæmt þessari grein, skal það eða hann gera þar full fjallskil eftir fénaðarfjölda þeim, sem rekinn er á afréttarlandið samkvæmt sömu reglum og fénaðareigendum upprekstrarfélags þess, er leita ber. — Þó hafa hlutaðeigandi hreppsnefndir heimild til að gera um þetta sérstaka samninga. Sá er notar land utan upprekstrarfélags síns, skal hafa tilkynnt það hreppsnefndinni í þeim hreppi þar sem hann á heima. áður 12 vikur eru af sumri. Í tilkynning þessari, sé fénaðurinn greinilega sundurliðaður.

#### 15. gr.

Þar sem tveir eða fleiri hreppar nota sömu afrétt, skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir eiga fund með sér í 17. viku sumars til þess að semja um, hvernig fjallgöngum skuli haga. Oddviti í þeim hreppi, þar sem aðalrétt stendur, kveður til þess fundar. Skal þá hver hreppsnefnd leggja fram skýrslu um tölu fjár og stóðhrossa manna í hreppnum að vorinu, staðfesta af hreppstjóra, og fer eftir því, hve marga menn hver hreppur leggur til í göngurnar.

Meta skal til verðs göngur hvers gangnaflokks. Verði ágreiningur um þetta milli nefndanna, sker sýslunefnd úr því, eða oddviti hennar til bráðabirgða.

#### 16. gr.

Nú eiga nokkrir fjáreigendur að gera fjallskil í öðrum hreppi en þeir eru búsettir í, skal þá hreppsnefndin, þar sem þeir eru búsettir, senda hreppsnefnd, er hlut á að máli, skýrslu um fjáreign slíkra manna eftir vorframtali, áður 14 vikur eru af sumri.

#### 17. gr.

Fjallgöngur skulu hvert haust að minnsta kosti vera tvennar, þó skal hreppsnefndum í Kirkjuhvammshreppi og Þverárhreppi heimilt, ef þær koma sér saman um það, að láta fram fara aðeins einar fjallgöngur.

Jafnframt afréttum skal í fyrri og seinni göngum smala til réttar afskekkt og víðlend heimalönd, er afréttarpeningur gengur í að jafnaði.

80  
4. sept.

Gangnadagana er stranglega bannaður allur heimrekstur afréttarfénaðar á einstaka bæi.

Sé ekki um vörð eða girðingu að ræða fyrir afréttarlöndum þeim, sem til heiða liggja skal og skylt, að láta fara fram á þeim þriðju göngur á þeim tíma, sem viðkomandi hreppsnefndum kemur saman um.

Þar sem tveir hreppar eiga upprekstrarland saman, skal hreppsnefndin í þeim hreppi, er nær liggur afréttinni, annast um göngur þessar, gegn endurgjaldi af fjallskilasjóði upprekstrarfélagsins. Ennfremur hafa hreppsnefndir vald til að láta gera eftirleitir á afréttarlöndum, viðlendum heimalöndum og fjalllöndum og skulu þær koma sér saman um það við síðari eða síðustu rétt, eða á haust hreppaskilum, og má borga þær af hlutaðeigandi fjallskilasjóði upprekstrarfélagsins.

#### 18. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil, skal hreppsnefnd jafna niður á fénaðareigendur í tæka tíð. Aðfinningar við niðurföfnunina skal bera upp bréflega fyrir oddvita hreppsnefndarinnar fyrir 20. október, og fer um þær eftir því sem fyrir er mælt um útsvarskætur í 39. og 40. gr. laga nr. 43, 10. nóvember 1905.

#### 19. gr.

Hreppsnefnd eða kjörinn maður úr hreppsnefndinni, er nefnist fjallskilastjóri, kveður hreppsúa með gangnaboði til fjallskila, nægum tíma áður en fjallgöngur byrja. Í gangnaboðinu skal nákvæmlega taka það fram, er hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Ef einhver vanrækir að gera þau fjallskil, sem hann er kvaddur til, skal hann borga þau því verði, er hreppsnefnd ákveður, án tillits til mats á fjallskilum. Auk þess varðar það sektum, er hækka, ef brot er ítrekað. Ekkert má fyrirskipa í gangnaboðinu, er getur komið í bága við fulltryggjandi fjallskil eða ákveðin réttarhöld innan sýslu.

#### 20. gr.

Hreppsnefnd eða hreppsnefndir hlutaðeigandi upprekstrarfélags skipa einn duglegan aðalgangnastjóra fyrir hvern gangnaflokk. Gangnastjórinn skal skipa fyrir um tillögum gangna og hafa alla stjórn á þeim. Skal hann sjá um, að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar, og kveðja menn til að gæta safnsins unz vöktunarmenn hafa tekið við því. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnastjóra sínum. Öll óhlýðni við skipanir hans varðar sektum.

Gangnastjóri skal annast um, að farið sé svo vel, sem unnt er með fé og hross í göngum. Ef kindur koma fyrir á heiðum, sem ekki verður komið lifandi til réttar, skal slátra þeim og taka úr þeim innýfli, en flytja þær að öðru leyti til réttar. Finnist dauð kind í göngum, skal hún á sama hátt flutt til réttar ef nýtileg er.

Ef hross af einhverjum ástæðum geta ekki gengið til réttar, eða ef hross drepst í göngum, eða finnst fyrir skömmu dauðt, skal tafarlaust þegar komið er til byggða tilkynna það hreppsnefnd, er þá lætur sækja það, og flytja til réttar

gegn borgun að  $\frac{1}{2}$  úr fjallskilasjóði, en  $\frac{1}{2}$  frá eiganda sé hann innan upprekstrarfélagsins; að öðrum kosti skal selja það, sem óskilafénað, og borga kostnað af söluverðinu. Hrökkvi það ekki greiðist afgangurinn úr sveitarsjóði. 80  
4. sept.

### 21. gr.

Nú hafa fjáreigendur ráð á fleiri mönnum en einum, hefir þá hreppsnefnd eða fjallskilastjóri vald til að kveðja til gangna þann, sem hæfastur er, svo og til hvers annars starfa, er útheimtist til góðra fjallskila. Ef einhver sendir mann í göngur, sem gangnastjóri sannar með vottorði tveggja gangnamanna, að hafi reynst áhæfur eða ófullnægjandi gangnamaður, er hann skyldur að borga gangnaskilin að öllu leyti.

Borgun fyrir vanrækslu í fjallskilum, má verja til að kaupa mann til fjallskilanna, ella falli hún í fjallskilasjóð upprekstrarfélagsins.

Reynist einhver óhæfur eða ófullnægjandi sem gangnamaður, skal gangnastjóri skyldur, að kæra það fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd. Launa má gangnastjóra sanngjarnlega af fjallskilasjóði upprekstrarfélagsnis, en vanræki hann skyldur sínar, varðar það hann sektum.

### 22. gr.

Ef fjáreigandi hefir engan hæfan mann til gangna og getur eigi útvegað hann, skal hann tilkynna það skriflega hreppsnefnd eða fjallskilastjóra 6 dögum áður en fjallgöngur byrja, og borgar þá fjáreigandi göngurnar sektarlaust, en án tillits til mats á þeim; en hreppsnefnd eða fjallskilastjóri annast um að útvega mann í göngurnar fyrir sanngjarna borgun. Á sama hátt skal útvega hesta, fæði og annað, sem vantar.

Ef krafizt er, skal fjáreiganda skylt að borga sanngjarnlega ómök og fyrirhöfn hreppsnefndar eða fjallskilastjóra.

### 23. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að koma upp hentugu skýli fyrir gangnamenn á afréttum, þar sem þess er þörf, og skal kostnaður sá, er af þessu leiðir, greiðast af fjallskilasjóði upprekstrarfélagsins.

## V. KAFLI.

### *Um hreinsun heimalanda og fjárgæzlu á haustum.*

### 24. gr.

Hver búandi eða landráðandi er skyldur að hreinsa heimaland sitt á haustum svo oft, sem hreppsnefnd fyrirskipar, þótt hann eigi þar eigi fjárvon sjálfur, og gilda um það fyrirmæli 3. greinar.

80

4. sept.

25. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilstjóri skal skipa fyrir um reglulegar heimalandagöngur jafnframt hverjum fjallgöngum. Skulu göngur þessar fara fram undir umsjón manns, er hreppsnefnd skipar, með samlögum búanda eftir því, sem bezt hagar á hverjum stað, og með samtökum við næstu sveitir, þar sem það á við.

Allan fénað, sem kemur fyrir, skal reka skilvislega til réttar þeirrar, er hann á að ganga til. Verði ágreiningur um, hvert fénaður skuli ganga, sker sýslunefnd úr því, eða oddviti hennar til bráðabirgða.

26. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að eftir réttir á haustum séu öll heimalönd rækilega smöluð sama dag viku, og að rekstrar gangi þá eftir töfludrætti bæ frá bæ, nema hreppsnefnd álitir annað haganlegt.

## VI. KAFLI.

### *Um fjárrekstra bæja á milli haust og vor.*

27. gr.

Skyldur er hver búandi að hirða fé það, er finnst í heimalandi hans eftir að fjallgöngum er lokið, og reka til næsta bæjar þá leið, sem það á að ganga. Hreppsnefndir hafa vald til að ákveða rekstrarleiðir innan hrepps og út úr hreppnum. Sleppi nokkur fjárrekstri, sem á að ganga bæ frá bæ, varðar það sektum. Hið sama gildir um fjárrekstra að vorinu.

28. gr.

Ef enginn rekstrarfær maður er heima, er rekstur kemur á bæ, skal rekstrarmaður skilja úr fé það, er eftir á að verða, en reka svo reksturinn áfram til næsta rekstrarfærs manns, en skylt er þeim, er við rekstri skyldi taka, að greiða rekstrarmanni þóknun eftir álitum hreppsnefndar.

## VII. KAFLI.

### *Um réttir og réttahöld.*

29. gr.

Eftir tillögum hreppsnefndar ákveður sýslunefnd hvar aðalrétt og aukarétt skal vera, sömuleiðis undir hverja aðalrétt hver aukarétt heyrir, og enn fremur hverja afrétt og heimalönd ganga skal til hveðrar réttar, og ráða sýslutakmörk nema öðruvisi sé ákveðið.

## 30. gr.

80

4. sept.

Allir búendur og fjáreigendur eru skyldir til hver að sínum hluta, að vinna að byggingu rétta og viðhaldi þeirra, eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Við hverja aðalrétt skulu allar jarðir í upprekstrarfélaginu eiga nægilegt dilksrúm hver fyrir sig, eða fleiri í samlögum; eru ábúendur og fjáreigendur jarðanna skyldir að kosta byggingu dilkanna og viðhald þeirra eftir rétttri til- tölu. Ennfremur skulu vera sérstakir dilkar, einn eða fleiri, fyrir fé úr öðrum hreppum, er hlutaðeigandi hreppar byggja og viðhaldi á sinn kostnað.

Þar sem hlutaðeigandi hreppsnefndum þykir við þurfa skal upprekstrarfélagið eiga við hverja aðalfjarrétt sérstaka hrossarétt, er byggð sé og viðhaldið eins og fjarréttin á kostnað þess.

## 31. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að réttir séu vandlega byggðar og vel viðhaldið, einnig að allir dilkar við þær séu í gildu standi kveldið áður en réttað er. Vanræki einhver að vinna að réttar- eða dilksbyggingu, má hreppsnefnd útvega mann til þess á kostnað hans.

## 32. gr.

Hreppsnefndir skulu skipa duglegan réttarstjóra við hverja aðalrétt og aukarétt, og má greiða honum þóknun fyrir starfa sinn af fjallskilasjóði. Réttarstjóri skal vera kominn til réttar í tæka tíð hvern réttardag. Skipar hann fyrir hvernig fjárdrætti skal haga, og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega óreglu, er veldur hindrun við réttarstörfin. Sýni nokkur í réttinni óhlýðni gegn skipunum hans, varðar það sektum.

## 33. gr.

Réttarstjóri skal skipa áreiðanlega menn til að rannsaka fé utansveitarmanna, áður en þeir reka frá réttinni. Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal við hvert dilksfélag skipa dilksstjóra, til að vera réttarstjóra til aðstoðar við réttarstörfin. Enginn má hleypa út úr dilk fyrr en réttarstjóri leyfir, enda sé þá allt fé komið í rétt, og fjárdrætti því nær lokið.

## 34. gr.

Réttarstjóri annast um, að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin í dilk sér, svo að eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sér þau. Að afloknum réttum selur hreppstjóri alla ómerkinga, er eigi hafa fundið mæður. Við aukarétt má engan ómerking selja. Enginn má helga sér marklausa kind af fjárbragði sínu. Réttarstjóri kveður menn til að skoða úrtining vandlega eftir markaskráum í fyrstu sem síðustu réttum, og mega þeir ekki yfirgefa þann starfa, fyrr en lokið er. Allir fjáreigendur skulu gæta þess, að fé þeirra verði eigi eftir í úrtiningi. Þegar búíð er að skoða úrtining í fyrstu rétt, skal

**80** fjallskilastjóri í þeim hreppi, þar sem aðalrétt stendur, koma honum í gæzlu  
4. sept. milli rétta gegn borgun af fjallskilasjóði.

35. gr.

Frá hverri aukarétt skulu tilkvaddir menn reka úrtíning tafarlaust til aðalréttar, svo að hann sé þangað kominn, áður fjárdrætti er lokið.

36. gr.

Í fjárréttinni má enginn afmarka fé án þess hann jafnframt skýri fyrir hreppstjóra eða réttarstjóra hverja heimild hann hafi til afmörkunarinnar. Hreppstjóri eða réttarstjóri skal samstundis rita hjá sér nafn hins fyrra eiganda kindarinnar, ef hann er ekki nærstaddur, og mark hennar áður því var breytt, og undir hvers mark hún er mörkuð.

VIII. KAFLI.

*Um hirðing fjár og hrossa í utanhreppsréttum.*

37. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal skipa hæfa menn til að fara í réttir, á hreppaskil og að vera við úrtíningssölu annar sveita, þar sem helzt eru fjársamgöngur, til að hirða þar fé og hross hreppsbúa sinna. Hafi sá, sem gert er að skyldu að leggja til téðra starfa, engan hæfan mann til að inna þau af hendi, hefir hreppsnefnd eða fjallskilastjóri vald til að kveðja til þess hvern þann, sem hæfastur er í hreppnum, annaðhvort í mannskiptum, eða gegn fullu endurgjaldi frá þeim, er tillaginu á að svara. Reynist sá, sem sendur er að hirða fénað utanhrepps, ónýtur eða ófullkominn til þess starfa, gilda um hann ákvæði 21. gr. um ófullkominn gangnamann.

38. gr.

Sá maður, sem sendur er til að hirða fé í réttum eða á hreppaskilum annarra sveita, má eigi fara þaðan, fyrr en búíð er að skoða úrtíning vandlega eftir markaskrá og selja, þar sem sala fer fram. Sannist það, að hann láti þar verða eftir fé eða hross sveitunga sinna, sem er með glöggu skrásettu marki, varðar það sektum og skaðabótum, nema málsbætur séu.

## IX. KAFLI.

80

4. sept.

*Um smölun, réttun og hirðingu hrossa.*

## 39. gr.

Í síðari göngum á haustum skal ásamt fé smala stóðhrossum af afréttum og úr heimalöndum, og rétta þau í síðari rétt, annað hvort á undan eða að afloknum fjársundurdrætti. Undanþága veitist frá þessum ákvæðum, ef meiri hluti hreppsnefndar eða hreppsnefnda telur annað hagfeldara, sem þó aldrei má koma í bága við næstliggjandi upprekstrarfélög. Auk þess skal fara fram almenn smölun á hrossum í heimalöndum fyrsta virkan þriðjudag í mánuðunum nóvember, desember og janúar, en sé sá dagur helgur eða veður banni, skal smala hinn næsta dag, og skal þá í hverjum hreppi, á stöðum þeim er hreppsnefnd ákveður, fara fram sundurdráttur á hrossum, er koma fyrir.

Hross þau, sem ekki þekkjast eða enginn hirðir, skal fara með sem óskilafénað samkvæmt reglugerð þessari.

## 40. gr.

Stóðhross skulu dregin sundur í aukaréttum og aðalréttum; skal úrtíningur sá, er verður í aukaréttum, rekast tafarlaust til aðalréttar. Hross þau, sem eftir verða óhirt, þegar sundurdrætti er lokið, skal fara með sem óskilafé eftir reglugerð þessari; þó skulu þau seljast með þriggja vikna auglýsingarfresti fyrir söludag, og sex vikna innlausnarfresti eftir söludag. Hross eru ekki í ábyrgð kaupanda fyrr en að innlausnarfresti liðnum. Gjaldfrestur á söluverðinu sé einnig sex vikur. Vöktunarkaup fyrir hvert hross má ekki fara fram úr 50 aorum um sólarhringinn. Sömu ákvæði gilda um hross, sem koma fyrir eftir réttir, nema hrossin komi á hús og hey.

Á meðan á réttum stendur, skal réttarstjóri gæta þess, að hryssum gefist kostur á að helga sér ómörkuð folöld og skal hann kappkosta að öðru leyti að haga allri meðferð á hrossunum þannig, að ekki hljóti slys af.

## X. KAFLI.

*Um meðferð óskilafénaðar.*

## 41. gr.

Eftir að lokið er töfludrætti í síðari eða síðustu rétt, skal þar afhenda úrtíning hreppstjóra í þeim hreppi, þar sem aðalrétt stendur. Hreppstjóri skal þá með tveimur markglöggum og áreiðanlegum mönnum, er hlutaðeigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndir hafa þar til kjörið, skrifa upp aldur, lit, mörk og auðkenni á hverri sauðkind, svo rétt og hreinskilið, sem framast má verða, skal

**80** hreppstjóri síðan selja allt óskilafé við réttina; einnig skal almennur fjárskila-  
4. sept. og söludagur í sýslunni vera 7. október, eða næsti dagur ef 7. okt. er helgur dagur, eða veður bannar þann dag.

Sala óskilafjárins skal ávallt fram fara við aðalrétt eða bæ á jörð þeirri, þar sem aðalrétt stendur, ef mögulegt er; undanþeginn þessu ákvæði er Kirkjuhvammshreppur. Marklýsingamenn skulu fá hæfilega þóknun fyrir starfa sinn af fjallskilasjóði upprekstrarfélagsins, eftir mati hreppsnefndar. Enginn, sem ekki er öðrum háður, getur skorazt undan þeim starfa, nema hann hafi forföll. Nú mætir ekki á sölubingi marklýsingarmaður, skal þá hreppstjóri útnefna annan í hans stað.

#### 42. gr.

Við sölu óskilafjár er enginn innlausnarfrestur; þó skulu hrútar, sem eftir álitu hreppstjóra og söluvotta eru hæfir til kynbóta, svo og forustufé, selt með fjögurra vikna innlausnarfresti. Um borgunarfrest og ábyrgð gilda sömu ákvæði og í 40. gr.

#### 43. gr.

Ef óskilafé og hross koma fyrir af fjallöndum eða í heimahögum eftir réttir, skal tafarlaust afhenda það hreppstjóra. Finnist eigendur að slíku fé, í næstu hreppum, eftir markaskrá, skal hreppstjóri hlutast til um, að þeim gefist kostur á að vitja þess. En sá fénaður, sem eigi þekkist og enginn getur helgað sér, svo sem kaleyrt fé, eyrnalaust eða marklaust, eða hross með vafamarki, skal seldur við uppboð, er auglýst sé með nægum fyrirvara.

#### 44. gr.

Finnist óskilakind í fé manna, eftir að fé er almennt tekið til hýsingar, skal eiganda kindarinnar gert aðvart um að vitja hennar, sé hann í næstu hreppum. Verði að selja slíkt óskilafé, borgast ekkert gæzlukaup fyrir það, og ber sá, er það finnst hjá, sölukostnaðinn, nema málsbætur séu.

#### 45. gr.

Fyrir lok hvers árs, skal hreppstjóri senda manni, sem kosinn er af sýslunefnd, greinilega lýsingu á öllu óskilafé, er selt hefir verið í hreppnum. Hinn kjörni maður sendir endurrit af lýsingum þessum til birtingar í Lögbirtingablaðið í Reykjavík. Í prentkostnað og ómakslaun ber honum kr. 1,50 fyrir hverja kind og hross, er hreppstjóri skal senda honum með marklýsingunni.

#### 46. gr.

Af andvirða óskilafénaðar þess, er selt verður, borgist:

- a. gæzlukaup.
- b. sölulaun,
- c. prentunarkostnaður marklýsinga,
- d. fundarlaun og björgunarlaun.

Að öðru leyti greiðist fjárverðið til eigenda, ef þeir innan september-

loka næst á eftir sanna eignarrétt sinn. Annars fellur verðið í sveitarsjóð eða sveitarsjóði upprekstrarfélagsins að rétttri tiltölu við fjárfjölda.

80  
4. sept.

## XI. KAFLI.

### *Um eftirleitir einstakra manna.*

#### 47. gr.

Þegar hinum fyrirskipuðu fjárleitum er lokið, skal einstökum mönnum heimilt með samþykki meiri hluta hreppsnefndar eða hreppsnefnda, þar sem fleiri hreppar eru í upprekstrarfélagi, að gera eftirleitir á afréttarlöndum upprekstrarfélagsins og semja um, hversu mikinn hluta þeir skuli fá af verði hins fundna fjár, sem þó ekki má yfirstíga helming verðs. Fé það sem finnst í slíkum eftirleitum skal virða af tveimur skynsömum og óvillhöllum mönnum, er hreppsnefndin útnefnir. Borgun fyrir eftirleitarfé greiðist af fjallskilasjóði eða sveitarsjóði þess hrepps, sem eigandi á heimili í. Hið sama gildir um fé það, er kemur eftir seinni réttir úr öðrum sýslum, hvort heldur eftirleitarfé eða ekki. Finnist hross í eftirleitum þessum, skal hreppsnefnd ákveða sanngjörn fundarlaun eftir atvikum, er greiðast á sama hátt.

Eftirleitarfé, sem á heima utan sýslu, skal selt við opinbert uppboð ef nauðsyn er til vegna fjarlægðar, og fær eigandi það, sem afgangur er fundar- og uppboðslaunanna. Björgunarlaun þess fjár, sem næst úr ógönguklettum, á hvaða tíma árs sem er, ákveðst af hreppsnefndinni og greiðist á sama hátt. Fyrir heimanað sloppið fé, sem finnst í eftirleitum, borgi eigendur eftir mati hreppsnefndar.

Skylt er að hver fjáreigandi auðkenni með glöggu marki, er eigi máist af, allt fé sitt á haustum, jafnóðum og það heimtist.

Vanræki fjáreigandi að auðkenna þannig fé sitt, skal hann borga fyrir hverja sína kind, er á afréttum finnst í eftirleitum, sem óheimt væri.

Fundarlaun fyrir allt það fé, er finnst í eftirleitum, sem gerðar eru samkvæmt grein þessari, greiðist úr fjallskilasjóði, en hreppsnefndir eiga aðgang að fjáreigendum til endurgreiðslu ef eigendum ber að greiða fundarlaunin.

## XII. KAFLI.

### *Um fjármörk og hrossamörk.*

#### 48. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Það er skylda hvers fjáreiganda, að hafa glöggt markeinkenni á öllu sínu fé, og sýslu- og hreppsþrennimark á öllu hyrndu fé. Sýslunefnd skal svo oft, sem þurfa þykir, og að minnsta kosti 5. hvert

**80** ár, láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna. Skal sérhver markeigandi koma  
4. sept. marki sínu í hana og borga fyrir það í prentunarkostnað, það sem sýslunefnd  
ákveður, en hvert heimili skal fá ókeypis eintak af markaskránni.

Markið helgar markeiganda kind, sem markið ber, nema full sönnun komi fyrir að annar eigi. Kind sem ekki ber rétt mark manns, er heimildarlaust að draga sér, þótt lítið eitt vanti á fullt mark. Ef kind hefir eyrnamark eins manns, en hornamark eða brennimark annars manns, þá skal sá talinn eigandi, sem á hornamarkið eða brennimarkið, og skal hann þó ef eigandi eyrnamarks krefst þess, gera grein fyrir, hvernig hann er að henni kominn. Kind sem hefir eyrnamark eins manns, hornamark annars og brennimark hins þriðja, skal talin eign þess, er brennimarkið á; þó skal hann, ef eigendur hinna markanna krefjast þess, gera grein fyrir, hvernig hann hefir eignast kindina.

Nú er kind ómörkuð eða afeyrð, eða á henni er óglögg mark eða mýctið, og vill maður þó eigna sér hana af likum, þá skal hann skýra hlutaðeigandi hreppstjóra frá. Hreppstjóri kveður þá til fjóra skynsama og óvilhalla menn, er skulu, ásamt honum sjálfum, skoða kindina og meta líkur þær og ástæður, er hann hefir til sins máls. Ef þeir þá allir í einu hljóði kveða upp þann úrskurð, að það sé miklu líklegra að hlutaðeigandi eigi kindina, heldur en að hann eigi hana ekki, þá má hann hirða hana sem sína eign, ella telst hún með óskilafé. Þessi ákvörðun nær eigi til ómerkinga, er ær helga sér. Rétt er að forustufé, sem á afrétt gengur, hafi til auðkennis bjöllu eða bjöllukeng í horni.

Hross skulu, eins og fé, hafa glögg markkeinkenni, er skráð sé í markaskrá sýslunnar. Komi hross fyrir með óglöggu marki eða skemmdum eyrum, sem einhver vill helga sér, þá gilda um það sömu reglur og fyrir er mælt í grein þessari um sauðfé, með óglöggu marki.

#### 49. gr.

Ef menn nota mörk, sem eigi eru prentuð í markaskrá sýslunnar, t. d. þeir, er flutzt hafa úr öðrum sýslum, skulu þeir lýsa mörkum sínum á vorhreppaskilum fyrir hreppsnefndinni þar, sem þeir eru búsettir. Mörk þessi skal hreppsnefnd skrifa upp og senda, áður 10 vikur eru af sumri, til hreppsnefnda og hreppstjóra í nálægum hreppum, innan sýslu og utan, þar sem helzt eru fjársamgöngur. Þeir sem vanrækja þetta, eða hirða eigi um að láta prenta mörk sín í markaskrá sýslunnar, mega búast við að farið sé með fé þeirra, sem óskilafé og sæti að auki sektum.

### XIII. KAFLI.

#### *Um eftirlit og rekstur á slátrunar- og sölufé.*

#### 50. gr.

Hreppsnefndir skulu útnefna áreiðanlega eftirlitsmenn við öll markaðs-

höld á sauðfé í hreppi sínum. Skal þóknunin fyrir starf eftirlitsmanna greiðast úr sveitarsjóði.

80  
4. sept.

Ennfremur skal kaupmönnum og verzlunarstjórum skylt að hafa áreiðanlega eftirlitsmenn við slátrun á öllum fjárrekstrum, sem af öðrum eru reknir til þeirra til slátrunar, og skulu eftirlitsmenn þessir hafa nákvæmar gætur á, að þeir sem með rekstra þessa koma, séu réttir eigendur og umráðamenn fjárins.

Til þess að koma þessu í framkvæmd, skulu eftirlitsmenn skoða mark á hverri sauðkind, sem á markað er látin og til slátrunar. Komi fyrir kind við eftirlit þetta, sem eigandi eða umráðamaður reksturs ekki getur fært fullgildar sannanir fyrir eignarétti á, skal eftirlitsmaður skrifa upp kynferði, lit, aldur og mark kindarinnar og senda viðkomandi hreppstjóra skýrslu þar um.

Sýslunefndin tilnefnir einn mann í hverjum hreppi sýslunnar til þess að skoða mörk á öllum hrossum, sem þar eru seld á markaði. Komi upp vafi um eyrnamark eða eignarrétt, skal fara með það eins og áður er fyrir mælt um sauðfé.

Borgun til þessara manna greiðir sá, er hrossin kaupir. Komi þeir sér ekki saman um gjaldhæðina, sker hlutaðeigandi sýslumaður úr ágreiningnum.

#### 51. gr.

Allur sá sauðfénaður, sem rekinn er til slátrunar í kauptún, skal vera merktur skýru rekstrarmerki, er sé svo glögg að það sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að það máist ekki af þótt votviðri gangi.

#### 52. gr.

Svo skal rekstrinum haga, að sem minnstur bagi verði að, þeim, er þau lönd eiga, sem um er rekið eða í er áð. Varast skal að rekstur lendi saman við annað fé. Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja, nema brún nauðsyn beri til, svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyrir en markljóst er orðið.

#### 53. gr.

Nú ber svo við, að öðru fé lendi saman við rekstur, skal þá strax á næsta bæ við það, er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga það fé úr rekstrinum, og gæta þess vandlega, að engin kind verði eftir, er eigi á í honum að vera; skal þá sem endrarnær, er viðstaða verður og rekstrarféð dreifir sér til muna, telja rekstrarféð. Enginn, sem á bænum er viðstaddur og til þess er fær, má skorast undan að kanna rekstur ásamt rekstrarmönnum, og ber yfirmanni rekstrarins að greiða þóknun eftir úrskurði sýslumanns, ef ágreinir, en aðgang á hann að eigendum fjárins með þá borgun, ef honum hefir eigi verið sjálfum um að kenna. Sjá skulu rekstrarmenn um að fé það, er saman við hefir komið, komizt í áttthaga sína, eigendum kostnaðarlaust.

80

4. sept.

Verði rekstrarmenn sannir að því að hafa tekið fé annarra í rekstur heimildarlaust, skal yfirmaður bæta eigendum að fullu eftir samkomulagi, eða eftir mati óvilhallra manna, er sýslumaður kveður til þess ef með þarf.

Sannist það, að slíkt hafi verið gert af skeytingarleysi, varðar það auk þess sektum.

54. gr.

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávallt einn vera yfirmaður, er annist um, að þessum rekstrarreglum sé hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, er kynni að kæra, en hann á aftur aðgang að rekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna.

## XIV. KAFLI.

*Almenn ákvæði.*

56. gr.

Ef meiri hluti búenda í upprekstrarfélagi samþykkir á almennum sveitarfundi að setja vörð eða girðingu til varnar því, að afréttarfénaður gangi á sumrum úr afréttar- og fjallöndum í búfjárhaga manna, skal hreppsnefnd eða hreppsnefndum upprekstrarfélagsins í sameiningu heimilt að setja reglur um slíkan vörð eða girðingu, þar sem nákvæmlega er mælt fyrir um alla tilhögun og fyrirkomulag varðarins eða girðingarinnar, og skal kostnaði, sem af þessu leiðir, jafnað niður á stóðhross upprekstrarfélagsins, sem ber að reka á afrétt, og önnur hross, sem á afréttina eru rekin, sé eingöngu um hrossavörð að ræða, en sé um fjárhelda girðingu að ræða, þá sé kostnaðinum jafnað niður að  $\frac{1}{2}$  eftir jarðarhundruðum og að  $\frac{1}{2}$  eftir fjárframtali.

57. gr.

Skýlt skal hreppsnefndum að stofna fjallskilasjóð, og færa árlegan reikning yfir allar tekjur hans og útgjöld næstliðið fardagaár, samkvæmt fyrirmynd, er sýslunefnd býr til. Skal hreppsnefndin hafa gert reikninginn fyrir áramót ár hvert. Síðan skal reikningurinn ásamt fylgiskjölum liggja hreppsþúum til sýnis á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað til janúarmánaðarloka, og sendist síðan undirritaður af viðkomandi hreppsnefnd eða hreppsnefndum til sýslunefndar, er sér um rannsókn á honum og úrskurðar hann.

58. gr.

Eigi má svelta fénað við fjárréttir né í rekstrum, frekar en minnst verður hjá komizt; eigi má heldur misþyrma honum á nokkurn hátt í fjallgöngum, rekstrum til heiðar, bæjarrekstrum eða heimalandasmölun; sérstaklega er bann-

að að hundbeita fénað í rekstri eða smölun að óþörfu. Brot gegn þessu varðar 5 til 50 króna sekt, nema þyngri hegning liggi við.

**80**  
4. sept.

**59. gr.**

Brot gegn reglugerð þessari varðar 5—80 króna sekt, nema þyngri hegning liggi við samkv. lögum. Skal uppljóstrarmaður, ef nokkur er, hljóta helming af sektarfénu, en hinn helmingurinn falli í fjallskilasjóð hlutaðeigandi upprekstrarfélags.

**60. gr.**

Með mál þau, sem rísa útaf brotum gegn reglugerð þessari, skal farið sem opinber lögreglumál; þó má, ef hlutaðeigendur koma sér saman um það, skjóta einstökum ágreiningsatriðum til endilegra úrslita sýslunefndar.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl. frá 11. nóv. 1914, og reglugerð um breyting á þeirri reglugerð frá 16. júní 1920.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitastjórnarlaganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. sept. 1930.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

---

*Páll Pálmason.*